

Það er því ekki ófyrirsynju, að

„Kóngurinn stritast þar kiknaður við,
og kófsveittur presturinn togar.“

Og það er alls ekki ofkveðið, að segja þetta, þó vér ekki nefnum nú síðast Frakkland og Róm.

Svo vildum vér benda ritdómaranum á, og mega gjarnan allir vita það, að enn, sem komið er, er engin þjóð í heiminum frjálsari, sælli né rétthærri en Bandaríkjaþjóðin. Lengra er nú ekki komið framförunum í Norðurálfunni, þó bröstulega sé látið.

Þá virðist ritd. athugavert, að öll náttúruljóð Þorsteins snúist að lokum að mannlífinu sjálfu. En liggur ekki orsökin til þess í boðskap skáldsins? Hann er svo mjög á meðal mannanna, að hann gleymir því, að taka þátt í umbrotum jarðskorpunnar, en í þess stað er sjálfboði í mannkynsbaráttunni, leggur til hjálpar við liðþurfann, hver sem hann er, og hvar sem hann er staddur, hvítan eða svartan, mann eða málleysingja. — Eða er ekki nóg komið af náttúrulýsingum, samtali „Nauts og lóu“, „Herðubreiðum“, „Eyjafjörðum“ o. s. frv., alt svo vel gjörðum sem slík kvæði eru, að ekki beri nauðsyn til, að vera alt af að kveða þau upp, alt af að blásá á sama hálmenn? Að voru leyti unum vér því vel, að sálarstríði og tilfinningum manna sé leyfð línu lengd í íslenskri ljóðagjörð.

Og það er einmitt í þessu efni, sem kenning og frumleiki skáldsins er innifalinn. Þorsteinn leggur leiðir sínar inn á vegu mannlífsins. Hann lifir með mönnum, gleðst með þeim, hryggist með þeim, þýðir þeirra instu tilfinningar, illar og góðar, talar máli þeirra fyrir dómstólum himna og jarðar. Vér minnumst þess ekki, að vér höfum nokkursstaðar orðið varir við þ. einan á ferð. Finnum vér hann meðal mannanna sona, þá finnum vér hann meðal mannanna dætra. Hann er aldrei þar, sem enginn fær séð hann nema guð einn.

Það er mannlífið, sem þarf lækninga við, en ekki hrukkur og líkamslýti „vorrar gömlu móður“, jarðarinna. En til þess að lækna það, verður að taka fyrir upptök meinsemidanna. Og það er fyrst með því, að ávinna friðhelgi sálar og eðlistilfinn-